

Starfandi nefndir á vegum DSÍ.

Þrjú höfuðmarkmið gilda um allar starfandi nefndir innan DSÍ sem stjórn skipar:

1. Nefndir hafa tillögurétt en stjórn DSÍ hefur ákvörðunarrétt.
2. Nefndir mega ekki stofna til skulda.
3. Nefndir skulu halda fundi reglulega og rita fundargerð sem berast skal til stjórnar og skulu þær varðveittar á skrifstofu DSÍ.

Reglur fyrir landsliðsnefnd DSÍ.

1.grein.

Stjórn DSÍ skal skipa a.m.k tveggja manna landsliðsnefnd. Formaður skal skipaður sérstaklega af stjórn DSÍ.

2.grein.

Stjórn DSÍ ræður landsliðsþjálfara og gerir ráðningarsamning og vinnulýsingu samhliða því. Landsliðsnefndin getur ráðið fleiri en einn landsliðsþjálfara sjái hún sér hag í því, skipta þeir þá með sér verkum. Sé landsliðsþjálfarinn erlendur skal landsliðsnefnd skipuleggja dvöl hans á landinu hverju sinni.

3.grein.

Í upphafi vetrar skal haldinn fundur með stjórn DSÍ, landsliðsnefnd og landsliðsþjálfara um starf vetrarins skipulagt út frá því sem framundan er. Stjórn DSÍ/landsliðsnefnd getur boða til funda eftir því sem þörf er á.

4.grein.

Landsliðsþjálfari skal skipuleggja og sjá um æfingar landsliðsins í samráði við landsliðsnefnd. Ef ekki er starfandi landsliðsþjálfari sér landsliðsnefnd um skipulag og umstjórn æfinga landsliðsins.

5.grein.

Landsliðsnefnd skal leggja fram fjárhagsáætlun í janúar fyrir það almanns ár og skal hún endurskoðast eftir þörfum. Skal fjárhagsáætlun hljóta samþykki stjórnar DSÍ og fjármögnun tryggð.

6.grein.

Landsliðsnefnd skal leggja fram tillögur um utanferðir landsliðsins sem skal leggjast fyrir stjórn DSÍ til samþykktar. Landsliðsnefnd og landsliðsþjálfari skulu skipuleggja slíkar ferðir og

leggja fram fjárhagsáætlun fyrir hverja ferð. Skal fjárhagsáætlunin hljóta samþykki stjórnar DSÍ. Gera skal skilagrein með uppgjöri eftir hverja ferð.

Samþykkt á stjórnarfundum 19.júlí 2015